

## Erindisbréf

### Stýrihópur um móttun stefnu Reykjavíkurborgar í nýsköpun og snjallborgarmálum

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri

#### Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að móta og skilgreina stefnu Reykjavíkur í nýsköpun og snjallborgarmálum og að tryggja slíkum áherslum framgang í stefnumótun og starfsemi Reykjavíkur. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum til mannréttinda- og lýðræðisráðs. Stýrihópnum er ætlað að móta nánar áherslur og þátt nýsköpunar og snjallborgarverkefna með það að markmiði auka skilvirkni í rekstri Reykjavíkur, að styðja við áskoranir í loftslags og samgöngumálum, að styðja við nýsköpun og samfélagslega nýsköpun í Reykjavík og að auka enn frekar þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegu rannsóknar- og nýsköpunarsamstarfi. Starfshópnum er sömuleiðis ætlað að skoða hugsanlegar breytingar og uppfærslu innviða til að styðja framgang nýsköpunar- og snjallborgarstefnu, þar með talið hugsanlegar fjármögnunarleiðir og tækifæri til samvinnu hins opinbera, atvinnulífs og rannsóknarsamfélags. Til viðmiðunar mun hópurinn t.d. styðjast við nýlegar greiningar ráðgjafafyrirtækisins Gartner á möguleikum og tækifærum í snjallborgarþróun Reykjavíkur sem og önnur fyrirbyggjandi gögn er málið varðar.

#### Helstu verkefni:

- Móttun og skilgreining á stefnu Reykjavíkur í nýsköpunar- og snjallborgarmálum.
- Draga upp sviðsmyndir eða tillögur um áherslur Reykjavíkur sem snjallborgar, með tilliti til stefnumálaflokka Reykjavíkur.
- Greina og leggja fram tillögur um hugsanlegar breytingar og uppfærslu innviða eða verklags til að styðja framgang nýsköpunar- og snjallborgarstefnu.
- Greining og yfirlit fjármögnunarleiða og samstarfsmöguleika sem munu styðja framgang stefnunnar.
- Kostnaðarmat þeirra sviðsmynda eða tillagna er lagðar verða fram ásamt drögum að árangursmælikvörðum.

#### Stýrihópurinn skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður

Katrín Atladóttir

Skúli Helgason

Með stýrihópnum starfar starfsfólk skrifstofu þjónustu og reksturs.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Fagsvið skipi tengiliði til ráðgjafar og samráðs við stýrihópurinn. Hópurinn leitar ráðgjafar og samráðs eftir því sem við á hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á

viðfangsefninu. Hópurinn hugi að samræmingu við aðrar stefnur Reykjavíkurborgar í vinnu sinni, s.s. um nýtingu upplýsingatækni 2018-2022.

**Starfstímabil:**

Stýrihópurinn ljúki verkefnum sínum og skili tillögum, sviðsmyndum eða hugmyndum innan sex mánaða frá skipan hans.

Reykjavík, [Dags.]

F.h. mannréttinda- og lýðræðisráðs

Dóra Björt Guðjónsdóttir

